



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Hr. Þórður Bogason, nefndarritari
Allsherjarnefndar efri deildar
Alþingis.

Hús verslunarinnar

103 Reykjavík

Sími/Telephone 91-678910 (354-1-678910)

Myndsími/Telefax 91-686564 (354-1-686564)

Telex 2316 Chambr is

Alþingi

Erindi nr. Þ 113167

Reykjavík, 26. nóvember 1990

kömudagur 26/11 1990


Frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl., 104. mál, hefur verið til umsagnar hjá Verslunarráði Íslands, sbr. bréf formanns nefndarinnar, Guðmundar Ágústssonar, dagsett 20. nóvember. Af því tilefni vill ráðið koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

- * Mörg einstök atriði frumvarpsins eru til bóta. Með þeim er tekið tillit til þess hvernig núgildandi lög hafa verið túlkuð í framkvæmd. Tekið er á nauðsynlegum breytingum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.
- * Athugasemdirnar sem fylgja frumvarpinu eru til fyrirmyndar, greinargóðar og fræðandi.
- * Frumvarpið í heild hefur tvo veigamikla annmarka.
 - Mörg ákvæði þess virðast vera óþörf í þeim skilningi að þau fjalla um augljósa hluti. Það er ekki aðeins hvítleitt heldur hefur í för með sér að aðalatriði frumvarpsins verða mjög óaðgengileg. (Sjá til dæmis 1. mgr. 8. gr.)
 - Í mörgum tilvikum virðis mega ná markmiðum einstakra framkvæmdaratriða varðandi skipti á dánarbúum á mun skilvirkari hátt en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Með öðrum orðum nauðsynlega viðleitni til að einfalda og auðvelda skipti dánarbúa virðist hafa skort við endurskoðunina. Þess er saknað að við endurskoðunina skuli ekki hafa verið leitast við að takmarka þátt hins opinbera við skipti dánarbúa.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að núgildandi lög nr. 3/1878 hafi að mestu verið þýðing á dönskum lögum frá árinu 1874 um sama efni. Jafnframt kemur fram að þau lög séu enn í gildi lítið breytt í Danmörku og að heildarendurskoðun þeirra standi yfir.

Í framhaldi af framansögðu verður að teljast eðlilegt að íslensku lögini frá 1878 verði ekki afnumin fyrr en heildarendurskoðun Dana er lokið. Þangað til verði ný heildarlög ekki samþykkt, heldur látið nægja að gera nauðsynlegar breytingar á núgildandi lögum vegna aðskilnað dóms- og umboðsvalds.

Með vinsemd og virðingu,
Verslunarráð Íslands


Steingrímur A. Arason,
hagfræðingur